

GJALDSKRÁ

fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

1. gr.

Vatnsgjald.

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m²/ár</i>
Reykjavík og Akranes	5.124	198,84
Álftanes og Stykkishólmur	6.412	248,80
Grundarfjörður	6.672	293,69
Borgarbyggð og Úthlið	7.316	322,03

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2018 og uppfæriskv. henni í desember ár hvert.

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabyggingum skulu að lágmarki vera 34.372 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald er 34,08 kr./m³ og gjald fyrir byggingarvatn er 157,43 kr./dag.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna¹ kr./dag</i>
15 mm	40,59	135,43
20 mm	41,30	136,17
25 mm	53,17	148,04
32 mm	59,59	154,44
40 mm	71,70	166,59
50 mm	87,68	182,60
65 mm	118,30	212,93
80 mm	229,52	324,60
≥ 100 mm	241,31	336,43

¹ Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

Heimæðargjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

<i>Þvermál inntaks:</i>	<i>32 mm</i>	<i>40 mm</i>	<i>50 mm</i>	<i>63 mm</i>	<i>75 mm</i>	<i>90 mm</i>	<i>110 mm</i>
Heimæðar-gjald kr.:	303.097	433.150	619.006	895.960	1.184.244	1.585.370	2.185.606

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá Orkuveitunni.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskrani ¹	86.977
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð ófrágengið	75.525
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð malbik eða steypa	199.645
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu ²	66.264

¹ Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig heimæðargjald í samræmi við stærð sem sótt er um.

Heimæðar fyrir fristundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	775.371
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR	25 mm	556.854

Þetta verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbot.

4. gr.

<i>Merki frá mæli fyrir notanda</i>	<i>kr.</i>
Tengigjald fyrir aðgang að púlsum frá mæli, uppsett tengidós	15.809
Ótímabær mælaskipti, 15-20 mm	10.104
Ótímabær mælaskipti, 25-50 mm	25.260
Ótímabær mælaskipti, 65 mm og stærri	30.312

Tengigjald er greitt fyrir aðgang að púlsum frá mæli og uppsetningu tengidósar.

Þurfi að skipta um mæli þar sem mælir er ekki hæfur til að gefa frá sér merki þarf notandi að greiða fyrir mælaskipti og dýrari mæli til viðbótar við tengigjald.

Orkuveitan tekur enga ábyrgð á púlslútgangi eða notkun hans og vegna tækniþróunar mæla er ekki mögulegt að ábyrgjast að næsta mælitæki verði með sambærilegum útgangi.

5. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu fyrir desember 2018 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2019. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1116/2017 og breyting nr. 301/2018.

Reykjavík, 10. desember 2018.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

Inga Dóra Hrólfsdóttir.